

**Nd.** **365. Breytingartillögur** [205. mál]

við frv. til laga um breytta tekjuöflun ríkissjóðs vegna ráðstafana í efnahagsmálum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

1. 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins orðist svo:  
Tollafgreiðslugjald skv. 1. gr. skal innheimt við tollafgreiðslu með aðflutningsgjöldum og skulu m. a. um innheimtu og lögvernd gjaldsins gilda ákvæði laga nr. 47/1960, um tollvörugemymslur o. fl., laga nr. 59/1969, um tollheimtu og tolfleitlit, og laga nr. 120/1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.
2. 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins orðist svo:  
Þó er heimilt að ákveða að greiða skuli 2½% launaskatt af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum hjá fyrirtækjum sem flokkast undir fiskverkun og iðnað samkvæmt atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands.
3. 1., 2. og 3. málsgr. 5. gr. frumvarpsins orðist svo:  
Gjalddagar launaskatts eru fimm, sbr. þó 6. gr. Gjalddagi vegna launa, sem greidd eru fyrir mánuðina janúar, febrúar og mars, er 15. apríl, fyrir mánuðina apríl og maí 15. júní, fyrir mánuðina júní og júlí 15. ágúst, fyrir mánuðina ágúst, september og október 15. nóvember og fyrir mánuðina nóvember og desember 15. janúar. Eindagi er mánuði eftir gjalddag. Beri eindaga upp á helgidag eða almennan frídag færist eindagi á næsta virkan dag á eftir. Skattinn ber launagreiðanda, ótilkvöddum, að greiða til innheimtumanns ríkissjóðs, í Reykjavík tollstjóra. Greiðslunni skal fylgja greinargerð launagreiðanda um launagreiðslur hans á hinu gjaldskylda tímabili í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.  
Sé launaskattur ekki greiddur fyrir eindaga skal greiða dráttarvexti af því sem vangreitt er, talið frá og með gjalddaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.  
Peim gjaldendum, sem eigi greiða hærri laun til annarra á mánuði en 15 000 kr., er heimilt að skila greinargerð ásamt greiðslu á því uppgjörstímabili þegar samanlögð greidd vinnulaun ná 150 000 kr. Ef greidd vinnulaun til annarra ná eigi 150 000 kr. á árinu er gjaldanda heimilt að skila greinargerð ásamt greiðslu einu sinni á ári eins og um uppgjör fyrir mánuðina nóvember og desember væri að ræða. Fjárhæðir í þessari málsgræin eru grunnfjárhæðir. Ráðherra er heimilt að hækka þær allt að því að þær hækki í réttu hlutfalli við þá hækkun sem verða kann á vísitölu framfærslukostnaðar, sbr. 4. gr. laga nr. 10/1981. Grunnfjárhæðir eru miðaðar við framfærsluvísitöluna 144 stig hinn 1. febrúar 1982.
4. Orðin „álagi og“ í 3. mgr. 7. gr. frumvarpsins falli niður.
5. Í stað orðsins „viðurlaga“ í 12. gr. frumvarpsins komi orðið: dráttarvaxta.
6. 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I falli brott.
7. Í stað orðanna „sæta viðurlögum“ í 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II komi: greiða dráttarvexti.